

Verða samtök evrópskra lækna sameinuð?

– Myndi auka áhrif smærri félaga, segir Sigurbjörn Sveinsson formaður LÍ

Í BYRJUN APRÍL var haldinn fundur í Brussel á vegum fastanefndar evrópskra lækna – CPME – þar sem rætt var um skipulagsmál evrópsku læknasamtakanna. Nú eru starfandi níu slík samtök en þær raddir hafa orðið æ háværi sem spyrja hvort þörf sé á öllum þessum samtökum og hvort rödd evrópskra lækna væri ekki styrkari ef hún hljómaði úr einum stað.

Sigurbjörn Sveinsson formaður Læknafélags Íslands sat fundinn og sagði í spjalli við Læknablaðið að þessi umræða væri á byrjunarstigi. „Mér heyrðist samt tónninn í fulltrúum landsfélaganna vera sá að rétt væri að þau sameinuðust í einu stóru læknafélagi. Menn voru hins vegar ekki á einu máli um hvað ætti að taka við. Sumir töldu rétt að breyta CPME og veita því sterkara umboð til að tala máli evrópskra lækna en aðrir vildu stofna nýtt félag. Ég hallast að fyrrnefnda kostinum því þeim síðarnefnda fylgir sú hætta að gömlu félögin lifi áfram einhvers konar draugatilveru og flækist fyrir nýju samtökunum,“ sagði Sigurbjörn.

Mörg og misjöfn samtök

Samtökin níu sem nú starfa eru afar misjöfn. Íslenskir lækna eiga aðild að fjórum þeirra: LÍ starfar innan CPME, UEMO sem eru samtök heimilislækna og UEMS sem eru samtök annarra sérfræðinga. Þá starfar Félag ungra lækna innan PWG sem eru samtök evrópskra unglækna. Auk þessara fjögurra eru sérhæfðari samtök lækna sem sinna gæðamálum, síðamálum, fjármögnun heilbrigðisþjónustu og svo framvegis.

Rökin fyrir því að sameina evrópska lækna í eitt félag voru þau helst að með því eignuðust þeir sterkari rödd, kostnaðurinn við þátttöku í evrópsku samstarfi minnkaði, fundum fækkaði og minna yrði um tvíverknað sem óhjákvæmilega er talsvert um í núverandi fyrirkomulagi. Ýmsar spurningar vakna þó við slíka sameiningu, svo sem hver ætti að sinna hagsmunamálum einstakra hópa lækna og einnig hvert umboð slíkra samtaka yrði.

„Með því að hafa eitt félag fylgir sú skylda að menn nái lýðræðislegri niðurstöðu um það sem þessi sterka rödd segir. Mér fannst á fundinum að fulltrúar landsfélaganna væru flestir fylgjandi einu öflugum félagi en fulltrúar þeirra samtaka sem nú starfa væru heldur letjandi. Það er í sjálfu sér skiljanlegt en á endanum verður það á valdi landsfélaganna að taka þessa ákvörðun,“ sagði Sigurbjörn.

LÍ úr UEMO og UEMS?

CPME ætlar að eiga frumkvæði að því að kanna hug læknafélaganna til sameiningar og verða sendir út spurningalistar til félaganna í byrjun næsta árs. Sigurbjörn sagði að þetta væri ferli sem gæti tekið einhver misseri. Hann sat undir umræðum og mótaði í huga sér ákveðnar tillögur sem hann ætlar að leggja fyrir félagsmenn LÍ.

„Ég tel að til greina komi að LÍ ákveði línur fyrir þetta samstarf á næsta aðalfundi. Þar gæti ég hugsað mér að yrði samþykkt að við héldum áfram að starfa innan CPME, auk Norræna læknaráðsins og Alþjóðafélags lækna, en að aðild að UEMO og UEMS ljúki í lok ársins 2006. Ég er á því að sameining myndi styrkja stöðu smærri félaga eins og LÍ. Hingað til höfum við ekki getað sent nema einn eða tvo menn á hvern fund sem þýðir að þeir geta ekki tekið þátt í öllum umræðum sem oft fara fram á mörgum fundum samtímis. Með sameiningu gætum við sent fleiri fulltrúa og verið virkari á fundunum. Það myndi auka áhrif okkar innan samtakanna.

Tillaga mín hefur þann annmarka að UEMS hefur verið virkt í símenntunarmálum þar sem við eigum margt óunnið. Aðildin hefur þó ekki skilað okkur miklu á því sviði en að þessu þarf að huga þegar afstaða er tekin. Ég veit að þetta er ógrandi tillaga en hún er hvatning til þess að menn ræði kost og löst á evrópsku samstarfi og hvernig því verður best háttað,“ sagði Sigurbjörn Sveinsson formaður LÍ.

Pröstur
Haraldsson